



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2010

1. tbl. 17. árg.

## Meðal efnis:

### Veiðileyfin

- Nú er um að gera að sækja um

### Aðalfundurinn

- Muna að mæta

### Uppskriftin

- Jú hún er á sínum stað

## Takið Eintak



### - Við Hlíðarvatn, snemma að morgni.

Þetta er rétt til að kveikja í veiðimönnum, það er ekki langt þar til byrjað verður að veiða þar.

- Núna þegar blaðið fer að berast eru ekki nema 80 dagar í hreinsunarhelgina, og 87 dagar í að byrjað verði að veiða á fullu.

**Munið aðalfund SVH 13. febrúar**  
**Upplýsingar á bls: 4**



## INTERSPORT

Lindum Skógarlind 2, sími: 585 7239  
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239

**OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR**



# Uppskriftin

## Fengur veiðimannsins í súrsætri sósu

### Hráefni:

600 gr silungsflök  
4 sellerístönglar  
400 g gulrætur  
1 msk mataróla  
2 rif hvítlaukur  
10 g fersk engiferrót  
2 msk tómatakraftur  
2 msk sojasósa  
2 dl grænmetissoð  
2 tsk sykur  
2 tsk edik  
1 tsk salt  
1 tsk nýmalaður pipar

### Aðferð:

- Roðflettið silungsflökin og skerið í hæfilegar sneiðar
- Hreinsið grænmetið og skerið í strimla. Hitið olíu í stórri pönnu (t.d. wok pönnu). Merjið hvítlauk og rífið engiferrót. Mýkið allt grænmetið í olíunni.
- Bætið tómatakrafti og sojasósu saman við ásamt grænmetissoði og sjóðið í 5 mínútur eða þar til grænmetið er hæfilega soðið en þó stökkt.
- Steikið fiskinn í ½ msk af olíu á heitri pönnu í 3-4 mínútur á hvorri hlið.
- Kryddið sósunu með sykri, ediki, salti og pipar

Berið fram með hrísgrjónum.

Uppskriftin er fengin úr:

### Af bestu lyst II

*Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum*




# FJARÐARKAUP

*Verzlun Veiðimannsins*

# Formaðurinn

*Gleðilegt ár góðir félagar!*

Það fer ekki hjá því að það lifni aðeins yfir manni þegar tíðin er svo góð sem raun ber vitni, enn meir þegar maður lítur á dagatalið og sér að það eru einungis rúmir 2 mánuðir þar til veiðitímabilið hefst !! Þá geta menn herjað á sjóbirtingsslóðir og dundað sér við að berja klakann úr lykkjunum..... og veiða og sleppa eins og víðast er venjan á þessum tíma, eða hvað, megum við reikna með svona blíðu fram á sumar ??



Enn á ný er komið að úthlutun veiðileyfa, margt er hér með föstu sniði s.s. Hlíðarvatnið góða, Djúpavatn er á sínum stað en vakin er athygli á því að nú höfum við lengt tímabilið í báða enda, við ætlum að freista þess að opna um miðjan maí en undanfarin vor hefur verið orðið vel fært uppeftir um það leyti og vonandi leikur lánið við okkur einnig í vor.

Gerður hefur verið nýr samningur við Veiðikortið um Kleifarvatnið en þeir sem ekki hyggjast fjárfesta í því geta eins og áður fengið sumarkort fyrir lítinn hluta þess verðs. Veiði hefur verið þar á góðri uppleið s.l ár og sérstaklega snemmsumars.

Önnur svæði: Eins og áður erum við með spennandi bland í poka af leyfum á nýjum veiðisvæðum í takmörkuðu magni, fyllsta ástæða til að hvetja veiðimenn til að reyna eitthvað nýtt, hvort sem er í birting fyrir austan, lax á Vesturlandi, eða sjóbleikju fyrir norðan!!

Framundan er svo vetrarstarfið með hefðbundnu móti, opin hús á fimmtudögum með hnýtingum og spjalli, góðum gestum og vörukynningum og svfrv. Endilega mæta og taka með sér vini og vandamenn. Leyfa krökkunum að koma í unglíngadeildina og læra þar fyrstu handtökin. Svo er hægt að skrá sig á námskeið í hnýtingum og kastnámskeið, af nógu er að taka.

Umfram allt, lítum björtum augum á komandi veiðisumar og notum veturinn til að undirbúa okkur vel og koma okkur í gírinn, góðar stundir.

*Við sjáumst á opnum húsum, kv. Hansi*

# Aðalfundur SVH 2010

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 13. febrúar 2010, kl. 14:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og bikarafhending.

Engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Framboð til stjórnar og varastjórnar eru:

Til formanns, Hans Unnþór Ólason.

Til stjórnar og varastjórnar, Hallberg Svavarsson, Árni Reykdal, Guðmundur Sveinbjörnsson, Högni Berþórsson, Vilborg Reynisdóttir og Ævar Ágústsson.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöffur að loknum aðalfundarstörfum

---

## Kastnámskeið á vegum: SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 20:00 til 22:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

Allur útbúnaður er á staðnum, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst íþróttaskó.

Verðið er kr: 11.000, en 10.000 fyrir félagsmenn í ofangreindum félögum. **ATH, EKKI ERU TEKIN KORT!**

**Næstu námskeið framundan eru:**

- **7. feb, 14. feb, 21. feb og 28. feb**

- **7., 14., 21. og 29. mars**

- **11. apr, 18. apr, 25. apr og 2. maí**

Útikastæfingarnar eru svo **3. 4. og 5. maí.**

Nánari upplýsingar veitir Svavar í síma: 896 7085

# Ritstjórinn

**AGNIÐ**

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.  
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is  
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Ævar Ágústsson

Sími: 6699240

Sælir félagar góðir - já og gleðilegt árið. Ég ætla ekki að rita um það sem fyllir hér allt og byrjar á ICE.... né heldur banka..... eða útrás..... það er nóg um það í öllum blöðum og fréttatímum. Sennileg yrði fátt annað í blaðinu ef fara ætti að setja niður stafi um þessa liði. Ég tala nú ekki um ef svona eins



og einni þjóðaratkvæðargreiðslu yrði blandað með í pakkann, þá yrðu að koma út nokkur blöð - held ég.

Tökum frekar upp mun léttara og skemmtilegra hjal, núna þegar janúar er að enda og einungis 21 dagur í konudaginn sem markar upphaf Góu, fer að hylla undir vorkomu. Er þá ekki veiðin sem "heltekur" okkur? undirbúningur undir komandi veiðitímabil, finna pláss fyrir allar veiðiferðirnar í sumar. Það er að minnsta kosti alltaf jafn skemmtilegt að renna yfir myndirnar frá síðasta sumri úr veiðiferðum hér og þar, sjá myndir af fiskunum sem sluppu og reikna með að þeir verði sóttir í sumar, þá mun stærri en í fyrra.

*Kveðja;  
Ævar*

## Heimasíða SVH

Núna stendur yfir uppfærsla á heimasíðu okkar [www.svh.is](http://www.svh.is) Af því tilefni viljum við óska eftir að þeir félagar sem hafa netföng - skráir þau skilmerkilega á veiðileyfaumsóknina þannig að hægt sé að fara yfir og laga netföng þau sem við geymum. Einnig er hægt að senda póst á [stjorn@svh.is](mailto:stjorn@svh.is) til að tryggja að netföng skili sér til okkar. Við viljum að sjálfsögðu vera í sem bestu sambandi við ykkur og reynum að tryggja að sendur verður póstur um opnu húsin, uppákomur á vegum okkar, svo og allar uppfærslur og breytingar tengdar heimasíðunni.

*Kveðja;  
Stjórn SVH*

# Vetrardagskrá SVH 2009

4. feb	Kynning: Pjetur Maack og Sigurður G. Tómasson koma í heimsókn
11. feb	Opið hús - hnýtingar og spjall
13. feb	Aðalfundur SVH
18. feb	Kynning: Við fáum gest frá Náttúrustofu Kópavogs. Sagt verður frá rannsóknum á Kleifarvatni.
25. feb	Opið hús - hnýtingar og spjall
4. mar	Kynning
11. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
18. mar	Kynning
25. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
8. apr	Kynning
15. apr	Opið hús - hnýtingar og spjall
21. apr	<b>Lokahóf, Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta.</b>

*Kveðja  
Húskarlar*



Frá opnu húsi

# UMSÓKN VEIÐILEYFA

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á vatnasvæðum félagsins sumarið 2010. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma. Annað sem verður að benda er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

***Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!***

***Skilafrestur er til laugardags  
13. febrúar 2010 fyrir kl: 18:00***

***ATH - ATH - ATH***

***Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.***

**ATHUGIÐ! Þeir félagar, sem eru skuldlausir við félagið, ganga fyrir við úthlutun veiðileyfa, og þeir sem sækja um og kaupa leyfi hjá félaginu eiga einnig kost á að kaupa sumarkort í Kleifarvatn á kr. 2.000**

**Auk þessa verður veiðikortið 2010 til sölu við úthlutun hjá okkur á kr. 5.500**

# Hlíðarvatn

## **HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði**

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn.**

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júlí er verðið kr. 4.000 á virkum dögum og kr. 4.500 um helgar. Í ágúst og september er verðið kr. 3.000 á virkum dögum og kr. 3.500 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi. Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



- Svona á þetta bara að vera .....



# Djúpavatn

## **DJÚPAVATN á Reykanesi, bleikja og urriði**

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrið og fallett umhverfi. Ekki er takmarkaður stangarfjöldi og heimilt að veiða af bát. **Athugið að helgar eru seldar föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:

**15. maí til 30. júní:** 8.000 kr. á dag á virkum dögum og 10.000 kr. á dag um helgar.

**1. júlí til 31. júlí:** 9.000 kr. á dag á virkum dögum og 11.000 kr. á dag um helgar.

**1. ágúst til 25. sept:** 8.000 kr. á dag á virkum dögum og 10.000 kr. á dag um helgar.

Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**

Veiðitímabil er frá 15. maí til 25. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.



- Við Djúpavatn í blíðskapar veðri.

# Kleifarvatn

## **KLEIFARVATN, bleikja og urriði**

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna og kr. 1.000 fyrir 67 ára og eldri. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.

# Hrolleifdalsá - Skagafirði

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon. Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

## **Veiðitilhögun:**

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.

## **Veiðihús:**

Veiðihúsið hefur verið tekið í gegn að innan og er komið heitt vatn í húsið ásamt sturtu, nýtt parket á gólfum ofl. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

## **Í boði er:**

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
11.8 - 13.8	2 dagar	3 stangir	9.9000,- kr.
2.9 - 4.9	2 dagar	3 stangir	7.9000,- kr.

Nánari upplýsingar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

# Reykjadalsá - Borgafirði

Veitt er á tvær stangir og geta tveir menn skipt með sér einni stöng en skulu fylgjast að við veiðar.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk.

## **Veiðihús:**

Ágætis veiðihús er við ána, svokallaður A bústaður og er staðsett rétt norðaustan við félagsheimilið Logaland. Í húsinu eru tvö tveggja manna svefnherbergi og svefnloft með dýnum fyrir þrjá. Einnig er sturta, setustofa og eldhúskrókur með ísskáp, eldunarhellum og öllum helstu borð- og mataráhöldum. Við húsið er heitur pottur og nóg heitt vatn er á staðnum. Gott er að fara í pottinn og láta sér líða vel að loknum veiðidegi. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

## **Í boði er:**

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
11.8 - 13.8	2 dagar	2 stangir	32.9000,- kr.

Nánari upplýsingar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

# Fossálar

## **Staðsetning:**

Fossálar eru á Síðu í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur.

## **Veiðitilhögun:**

Veiðitímabil er frá 20. júní – 18. okt.

Veitt er í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann.

Daglegur veiðitími er frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon

## **Veiðihús:**

Mjög gott veiðihús er við ána og er aðstaða eins og best verður á kosið. Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi.

## **Í boði er:**

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
14.9 - 16.9	2 dagar	3 stangir	15.600,- kr.
6.10 - 8.10	2 dagar	3 stangir	15.600,- kr.

Nánari upplýsingar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

# Geirlandsá

Áin er á Síðu í V-Skaftafellssýslu, um 1 km frá Kirkjubæjarklaustri. Skammt innan við bæinn Geirland stendur veiðihúsið, í skógarlundi undir fjallinu Kylli. Veiðivon er fyrst og fremst sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon. Geirlandsá er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

## Veiðitilhögun:

Útseld veiðitímabil eru tveir dagar og er skipt á miðjum degi.

Frá 20.september til 18.október er leyft að veiða í veiðistað númer 15 Flatarhyl og niður á neðsta veiðistað, sama gildir fyrir vorveiðina.

Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni. Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.

ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon. Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

## Veiðihús:

Mjög gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum (kojur), eldhúsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu. Útbúið helstu raftækjum ásamt eldavél með bakarofni.

Gasgrill er á staðnum.

Lykill að veiðihúsinu er geymdur á bænum Geirlandi og á að skila honum þangað að dvöl lokinni.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl. Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

## Í boði eru:

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
7.4 - 9.4	2 dagar	4 stangir	10.000,- kr.
15.4 - 17.4	2 dagar	4 stangir	10.000,- kr.
12.10 - 14.10	2 dagar	4 stangir	29.800,- kr.

Sjá nánar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)



# Víkurá (Lax)

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. stöng á dag
26.7 - 28.7	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
28.7 - 30.7	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
9.8 - 11.8	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
19.8 - 21.8	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
21.8 - 23.8	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
31.8 - 2.9	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
16.9 - 18.9	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.
18.9 - 20.9	2 dagar	2 stangir	25.000,- kr.

Stangirnar eru seldar saman.

Veitt er seinni hluta dags fyrsta dag, þá allan daginn og lokadag er veitt árdegis þ.e. til kl. 12:00. Uppábúin rúm og hrein handklæði eru klár við komu og greiðir **hver maður kr. 2.500** fyrir þá þjónustu.

Auk þess greiðir hópurinn sameiginlega **kr. 6.000** fyrir þrif á húsi. Veiðimenn ganga frá eldhúsi eftir sig, þ.e. þvo upp.

**Þrif og rúmfatnaður greiðist á staðnum.**

Í eldhúsi eru öll tæki og áhöld til staðar og gasgrill stendur fyrir utan hús. Tvö einsmanns herbergi eru í húsinu og eitt tveggja manna herbergi. Inn af eldhúsi er lítið herbergi sem hægt er að búa upp ef þörf er á.

Eingöngu er leyfð fluga og heimilt að drepa 1-2 fiska á dag á stöng. **Ekki má drepa fisk sem er 70 cm eða stærri.**

Víkurá er tilvalin fyrir fjölskyldur, ekki síst þar sem húsið er stórt. Veiðisvæðið er um 10 km og veitt á 2 stangir. Áin er um 40 km fyrir norðan Staðarskála. Ekið er norður Strandir. Bæirnir Guðlaugsvík og Skálholtsvík standa sitt hvoru megin við ósa árinna og er veiðihúsið á hlaði Skálholtsvíkur og er skilti á endavegg hússins þar sem stendur "Veiðihús Víkurár". Til að keyra upp með ánni þarf að fara niður á þjóðveg aftur og keyra ca 40 metra til norðurs og er þá beygt upp til vinstri og ekið framhjá fjárhúsunum og sem leið liggur fram dalinn. Vegurinn er fær öllum jeppum og jepplingum en varla lágum fólksbílum. Ekki er leyfilegt að aka á túnunum.



Frá Víkurá

# Andakílsá

## - silungur -

**Stangafjöldi:** 3 stangir og engin sérstök skipting svæðisins milli leyfishafa.

**Veiðihús:** Gott veiðihús og vel útbúið er við ána. Það stendur rétt ofan við þjóðveg í landi jarðarinnar Skeljabrekku.

**Veiðisvæði:** Veiðisvæðið nær frá brú við þjóðveg niður í ós og er nokkrir kílómetrar að lengd. Sjávarfalla gætir á öllu veiðisvæðinu. Þegar smástreymt er nær flóðið upp í efsta veiðistað en þegar stórstreymt er nær flóðröndin miklu ofar. Best er að veiða þegar hálfallið er út, um fjöruna og þangað til byrjar að falla að. Oft er gott að fylgja flóðröndinni. Aldrei hefur skilað neinum árangri að veiða á háflóði nema



þegar smástreymt er. Þá er hægt að dunda sér í efsta veiðistað og færa sig síðan neðar þegar fellur út. Malarbotn er á öllu svæðinu og breytir sér oft mikið á milli ára og því er erfitt að fullyrða nokkuð um hvaða staður eða staðir verða bestir næsta sumar. Á veturna rífur ísinn oft stórar grastorfur úr bökkunum og ef þær stoppa ofan í dýpstu stöðunum verða þar oft góðir legustaðir næsta eða næstu veiðiár. Allir helstu veiðistaðir eru vel merktir.

**Aðkoma:** Þegar veitt er í 3 – 4 efstu veiðistöðunum ( ca 1 kílómetri) er best að geyma bílinn við brúna og rölta þaðan niður eftir. Þegar veitt er á neðri hluta svæðisins er ekið sem leið liggur niður að Hvanneyri en rétt áður en komið er að þorpinu er beygt til vinstri inn á afleggjara sem er merktur "Andakíll" og ekið eftir honum sem leið liggur niður að gömlu veiðihúsi. Það stendur 100 -150 metrum ofan við veiðistaðinn "Neðri klappir" en hann og næsta nágenni þar fyrir neðan er besti hluti neðra svæðisins.

# Andakílsá

## - silungur -

**Aðstæður:** Segja má að svæðið skiptist í tvo ólíka hluta. Á efri hluta svæðisins verður áin alltaf tær þegar fallið er út en á neðri partinum er hálfgerðt happdrætti hvort það gerist. Á öllu svæðinu frá Borgarfjarðarbrú að ósi Andakílsár er mikill leir og kemur hann alltaf inn á aðfallinu en skolast síðan út á útfallinu. Ef áin er mjög vatnslítill í langan tíma hefur aðfallið betur í þessum leirflutningum og safnast þá mikill leir í farveginn og þá getur neðra svæðið orðið óveiðanlegt af gruggi.



**Fiskur:** Mest er af bleikju á svæðinu og betri matfiskur finnst ekki. Alltaf er von í að fá sjóbirting og einn og einn lax slæðist með.

**Veiðivon:** Vanir veiðimenn fara sjaldan fisklausir af svæðinu og eiga góða veiðivon en aðstæður á neðra svæðinu setja oft strik í reikninginn.

**Agn:** Veiða má á flugu, maðk og spún og er mjög misjafnt hvaða aðferð skilar bestum árangri.

Seldar eru 3 stangir á dag;  
Helgardagar eru feitletraðir, möguleiki er að kaupa aðliggjandi daga á svfr.is !

**ATH! Helgardagar eru 1.500 kr dýrari. (dæmi 1. maí = 4.500 kr)**

Dagar	Verð á stöng á dag
Apríl: <b>3</b> ; 7; 15; 19 og 27.	3.000
Maí: <b>1; 9; 13</b> ; 17; 25. og <b>29</b> .	3.000
Júní: 2; 10; 14; 18; <b>26</b> og 30	3.500
Júlí: <b>4</b> ; 8; 9; <b>24</b> . og <b>25</b> .	4.500
Ágúst: <b>1 og 2</b>	4.500
Ágúst: 17; 18; 25. og <b>29</b> .	3.500
Sept: 2; 10; 14; 22. og <b>26</b> .	3.000



Öll óseld veiðileyfi SVH fara á  
[www.leyfi.is](http://www.leyfi.is) að lokinni úthlutun og sölu

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar  
Upplýsingar: [stjorn@svh.is](mailto:stjorn@svh.is)

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan  
fyrir ýmsar veislur.  
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

